

Eurimages fundar á Íslandi

Stjórnarfundur [EURIMAGES](#), kvikmyndasjóðs Evrópuráðsins var haldinn í Reykjavík 12.- 15. október sl. Á fundinum var úthlutað styrkjum til 13 kvikmynda þar á meðal til kvikmyndar í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar *Mamma Gógó*.

Markmið sjóðsins er að styðja við samframleiðslu evrópskra kvikmynda í samkeppni við bandarískar kvikmyndir á Evrópumarkaði. EURIMAGES heldur fimm fundi á ári og er úthlutað um 20 milljón evrum á ársgrundvelli til um 60 evrópskra kvikmynda. Sjóðurinn hefur starfað í 20 ár og gerðust Íslendingar aðilar í janúar 1989. Frá þeim tíma hafa 26 íslenskar kvikmyndir fengið úthlutun og einnig hafa íslenskir framleiðendur tekið þátt í framleiðslu níu kvikmynda annarra Evrópuþjóða.

Ein fyrsta íslenska kvikmyndin til að hljóta styrk frá EURIMAGES var mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar *Börn náttúrunnar* sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki erlendra kvikmynda árið 1992. Þá hlaut hún einnig ógrynni annarra verðlauna og var dreift til yfir 30 landa. Sú mynd vakti áhuga á íslenskum kvikmyndum, sem hafa farið víða og hlotið margskonar viðurkenningar erlendis.



Þykir *Börn náttúrunnar* hafa verið ein besta auglýsing fyrir mátt samframleiðslu evrópskra kvikmynda, en það form er enn þann dag í dag algengasta leiðin í framleiðslu íslenskra kvikmynda.

Forseti EURIMAGES er frakkinn [Jacques Toubon](#), en hann var áður menningarmálaráðherra Frakklands og starfaði einnig sem dómsmálaráðherra í stjórnartíð Jacques Chirac, fyrrverandi forseta Frakklands.

Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis tók á móti fulltrúum Eurimages í kvöldverðarboði ráðuneytisins í Perlunni, þar sem íslenskum kvikmyndagerðarmönnum var boðið að hitta fundargesti. Við það tækifæri kom fram í máli forseta Eurimages að á

þessum tímum efnhagsþrenginga væri áriðandi að standa vörð um menningu Evrópuþjóða, þetta vissu Íslendingar manna best. Saga þeirra og sjálfstæði þjóðarinnar stæði á föstum grunni bókmenntaarfsins.

Þá fóru fundargestir í Bláa lónið og skoðuðu Þingvelli, Geysi og Gullfoss og voru mjög hrifnir af sérstakri náttúru landsins.

Núverandi fulltrúi Íslands í EURIMAGES er Sigríður Margrét Vigfúsdóttir, en hún var skipuð í stjórn sjóðsins haustið 2002. Sigríður rekur einnig [MEDIA skrifstofuna á Íslandi](#), sem er upplýsingaþjónusta um [MEDIA áætlun Evrópusambandsins](#) um styrki til kvikmyndagerðar.

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2009

Innritun fer fram dagana 1. til 20. nóvember 2008 á skólavef menntamálaráðuneytis, [menntagatt.is](#). Einstakir skólar gætu verið með annan umsóknarfrest, upplýsingar um það eru á vefsíðu viðkomandi skóla.

Allar umsóknir um nám í dagskóla eru rafrænar. Sótt er um á netinu og berast umsóknirnar beint til upplýsingakerfa framhaldsskólanna

Einstakir skólar gætu verið með annan umsóknarfrest, upplýsingar um það eru á vefsíðu viðkomandi skóla.

Innritun í nám í kvöldskóla, fjarnám og annað nám en í dagskóla verður með hefðbundnum hætti. Innritun fer fram í þeim framhaldsskólum sem hafa slíkt nám í boði. Skólarnir auglýsa umsóknarfrest sjálfir og leggja til umsóknareyðublöð. Umsækjendum er bent á að hafa samband við viðkomandi skóla hyggist þeir stunda nám í kvöldskóla eða fjarnámi.

NÝ MENNTASTEFNA

opinn fundur

Næsti fundur verður haldinn
í Kvos Menntaskólans á Akureyri
þann 5. nóvember kl. 20:00

Ísland tekur við formennsku í norrænu ráðherranefndinni 1. janúar 2009

Styrkur norræns samstarfs felst meðal annars í þeim sveigjanleika að vinna má þvert á fagsvið. Þess vegna ákvað menntamálaráðuneytið að leggja fram sameiginlega formennskuáætlun á sviði vísinda, menningar og mennta undir kjörorðinu *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattræna breytinga*. Með því vill ráðuneytið leggja áherslu á að markmiðum okkar verður ekki náð nema í samstarfi þessara þriggja fagsviða og annarra þvert á fagleg mörk. Hæfni Norðurlanda til aðlögunar, nýsköpunar og frumkvæðis til að mæta breytingum á sér skýrar menningarlegar rætur. Að auki gegnir þverfagleg samvinna og tengsl listsköpunar og menningar við atvinnulífið lykilhlutverki þegar fjallað er um norræna nýsköpun. Samkennd Norðurlanda og áratugareynsla í

árangursríkri samvinnu byggist á sameiginlegum gildum og menningarlegum grunni sem mikilvægt er að hlúa að. Í ljósi þess munu Íslendingar leitast við að sameina áherslur sínar á sviði vísinda, menningar og mennta undir formerkjum menntunar, sköpunarkrafts og menningarlegrar hæfni til nýsköpunar og frumkvæðis. Þá munu Íslendingar fylgja eftir norrænni málstefnu og stuðla að átaki til að auka áhuga á menningar- og málskilningi milli landanna með það fyrir augum að auka samkennd milli þeirra.

Formennskuáætlun menntamálaráðuneytis á sviði vísinda, menningar og mennta hefur verið gefin út á íslensku, dönsku og finnsku og má finna á vef menntamálaráðuneytis [menntamálaráðuneyti.is](#)

